

## REGLUGERÐ

### um (15.) breytingu á reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur.

#### 1. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

- 29) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1847 frá 26. nóvember 2018 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í tölulið 1a, XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2019 frá 8. maí 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 44 frá 29. maí 2019, bls. 154-156.

#### 2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1847 frá 26. nóvember 2018 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í c-lið 7. tölulið 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 9. júlí 2019.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*